

**552. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar**  
**haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 27. janúar 2021**  
**og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Anton Helgi Guðjónsson varaformaður, Þóra Marý Arnórsdóttir formaður, Smári Karlsson aðalmaður, Lína Björg Tryggvadóttir aðalmaður og Daníel Jakobsson aðalmaður.

**Embættismenn:**

Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs og Heiða Jack, skipulagsfulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Heiða Jack, Skipulagsfulltrúi.

**Dagskrá:**

**1. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2021 - 2021010023**

Lagður fram tölvupóstur Sigrúnar H. Sigurjónsdóttur, f.h. atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 21. jan. 2021, þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um jarðalög (einföldun regluverks, vernd landbúnaðarlands, upplýsingaskyldu o.fl), 375. mál.

Umsagnarfrestur er til og með 10. febrúar nk.

Á 1138. fundi bæjarráðs, dags. 25. janúar 2021, var málinu vísað til skipulags- og mannvirkjanefndar.

*Lagt fram til kynningar.*

**2. Deiliskipulag í Dagverðardal - 2008060063**

Lagðar fram tvær tillögur vegna deiliskipulagsvinnu í Dagverðardal undir frístundahús, unnið af Verkís í janúar 2021.

*Lagt fram til kynningar. Nefndin vísar málinu til frekari vinnslu hjá skipulagsfulltrúa.*

**3. Viðbragðsáætlun vegna elds - 2020050088**

Lögð fram drög að viðbragðsáætlun Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar vegna gróðurelda í Tunguskógi, frá Sigurði Arnari Jónssyni, slökkviliðsstjóra, dagsett í júní 2020.

*Lagt fram til kynningar.*

**4. Brimbrjótur, Suðureyri - umsókn um lóð fyrir atvinnuhúsnæði - 2019120040**

Lögð fram fyrirspurn um matsskyldu frá Verkís þar sem óskað er eftir mati nefndarinnar á því hvort fyrirhuguð framkvæmd við landfyllingu við Brjótinn á Suðureyri sé háð mati á umhverfisáhrifum.

Fylgigögn eru:

Landfylling við Brjótinn á Suðureyri. Skýrsla Verkís ehf. dags. janúar 2021.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd telur að framkvæmdin falli undir B flokk, með vísan í töluíð 2.03 í viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.*

#### **5. Örlaganótt Flateyri - notkun á lóð og svæði - 2021010062**

Lagt fram erindi Helenu Jónsdóttur, verkefnastjóra á Flateyri, f.h. Jóhönnu Kristjánsdóttur og Katrínar Bjarkar Guðjónsdóttur, dags. 13. janúar 2021, þar sem óskað er eftir vilyrði sveitarfélagsins fyrir notkun á lóðinni við Unnarstíg 1 á Flateyri, og svæði í kringum hana, þar sem fyrirhugað er að setja upp upplifunar- og margmiðlunarsýningu um nóttina örlagaríku árið 1995, þegar snjóflóð féll á íbúðarhúsið sem stóð við Unnarstíg 1, en verkefnið hefur hlotið styrk til fyrsta þáttar verksins.

Á 1137. fundi bæjarráðs, þann 18. janúar 2021, vísaði bæjarráð málinu til afgreiðslu í skipulags- og mannvirkjanefnd.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd tekur vel í erindið og óskar eftir að skipulagsfulltrúi vinni málið áfram.*

#### **6. Sundstræti 36, eignarland og lóðarmál - 2020100045**

Lagður er fram deiliskipulagsuppdráttur ásamt greinargerð, unnið af Verkís ehf, dags. 19. nóv. 2020. Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi Eyrarinnar á Ísafirði, dags. 16. okt. 1997, og felur í sér uppskiptingu eignalóðar við Sundstræti 36 og afmörkun á leigulóð Ísafjarðarbæjar undir bílastæði tengt starfsemi í húsi Kerecis, Sundstræti 36.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila málsmeðferð skv. 1. mgr. 43 gr. skipulagslaga 123/2010.*

#### **7. Stefnisgata 4. Umsókn um lóð fyrir fiskhjall á atvinnuhúsasvæði - 2019110025**

Á 545. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar, sem fram fór þann 14. október 2020, lagði nefndin til við bæjarstjórn að samþykkja að umsækjandi fái lóð undir fiskþurrkunarhjall að Stefnisgötu 4, Suðureyri, skv. umsókn með þeim reglum sem í gildi eru og settar kunna að verða.

Erindinu var vísað aftur til skipulags- og mannvirkjanefndar af 464. fundi bæjarstjórnar þann 5. nóvember 2020.

*Með vísan í aðalskipulag og minnisblað leggur skipulags- og mannvirkjanefnd til við bæjarstjórn að umsækjandi fái lóð undir fiskþurrkunarhjall að Stefnisgötu 4, Suðureyri, skv. umsókn með þeim reglum sem í gildi eru og settar kunna að verða.*

#### **8. Hafnarbakki 1, Flateyri. Umsókn um lóð fyrir atvinnuhús - 2021010106**

Valdimar Jónsson fh. Hjálms fasteigna ehf. sækir um lóðina Hafnarbakka 1, Flateyri undir fyrirhugað atvinnuhús. Fylgiskjöl eru:

Undirrituð umsókn dags. 22. jan. 2021.

Mæliblað tæknideildar frá 21. jan. 2021.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að Valdimar Jónsson f.h. Hjálms fasteigna ehf. fái lóð að Hafnarbakka 1, Flateyri, skv. umsókn með þeim reglum sem í gildi eru og settar kunna að verða. Lóðarumsókn fellur út gildi hafi teikningar ekki borist Ísafjarðarbæ innan 6 mánaða og framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá úthlutun.*

**9. Suðurtangi 7 - lóðamörk - 2021010063**

Rörás ehf, kt. 6602100400, óskar eftir staðfestingu á lóðamörkum fyrir Suðurtanga 7. Málið var tekið fyrir á 77. fundi umhverfisnefndar 27. janúar 1999 en aldrei staðfest.

Fylgiskjöl eru uppdráttur dags. 12. jan. 1999 ásamt afriti af deiliskipulagi Suðurtanga frá 2014 þar sem merkt er inn núverandi samþykkt lóðamörk.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd felur skipulagsfulltrúa að vinna málið áfram.*

**10. Hafnarstræti 6 á Ísafirði. Umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi - 2021010031**

Eggert Þór Kristófersson f.h. Festar ehf. sækir um endurnýjun á lóðarleigusamningi fyrir fasteignina F211-9630, Hafnarstræti 6 á Ísafirði.

Fylgigögn er undirrituð umsókn dags. 10. des. 2020 og mæliblað tæknideildar dags. 8. jan. 2021. Erindi var frestað á 551. fundi í skipulags- og mannvirkjanefnd.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila endurnýjun lóðarleigusamnings fyrir Hafnarstræti 6, Ísafirði, með kvöð um gönguleið í gegnum undirgöng og lóð.*

**11. Vallargata 5, Flateyri - Umsókn/sameining lóða - 2016110027**

Lagt fram nýtt mæliblað fyrir Vallargötu 5 á Flateyri eftir að deiliskipulagsbreyting vegna sameiningar lóðanna Vallargötu 3b og Vallargötu 5 var samþykkt á 459. fundi bæjarstjórnar þann 18. júní 2020.

Fylgiskjöl er mæliblað Tæknideildar frá 8. janúar 2021 og drög að lóðarleigusamningi.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila útgáfu lóðarleigusamnings fyrir Vallargötu 5, Flateyri.*

**12. Vallargata 31, Þingeyri. Umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi - 2021010091**

Ragnheiður Halla Ingadóttir og Ólafur Kristján Skúlason, eigendur fasteignarinnar að Vallargötu 31 á Þingeyri, sækja um endurnýjun á lóðarleigusamningi.

Fylgigögn eru:

Undirrituð umsókn dags. 20.01.2021

Mæliblað Tæknideildar frá 25.01.2021

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila endurnýjun lóðarleigusamnings fyrir Vallargötu 31, Þingeyri.*

**13. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 35 - 2009009F**

*Lögð fram til kynningar fundargerð 35. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa sem fram fór þann 11. september 2020.*

13.1 2019090119 - Umsókn um byggingarleyfi. Viðbygging við íbúðarhúsið að Gemlufalli 1

Á fundi skipulags- og mannvirkjanefndar nr. 527 fól skipulags- og mannvirkjanefnd byggingarfulltrúa að vinna byggingarleyfisumsókn áfram. Með hliðsjón af framlögðum gögnum hefur umsókn um byggingarleyfi verið yfirfarin og samræmist hún gr. 2.3.5 í byggingarreglugerð og eru byggingaráform samþykkt.

- 13.2 2019080062 - Rómarstígur 2. Umsókn um byggingarleyfi  
Erindi frestað, með vísan í athugasemdir byggingarfulltrúa. Óskað er eftir frekari gögnum með vísan í skoðunarskýrslu.
- 13.3 2020090056 - Rómarstígur 4, Suðureyri. Umsókn um byggingarleyfi  
Erindi frestað, með vísan í athugasemdir byggingarfulltrúa. Óskað er eftir frekari gögnum með vísan í skoðunarskýrslu.
- 13.4 2019080063 - Rómarstígur 6. Umsókn um byggingarleyfi  
Erindi frestað, með vísan í athugasemdir byggingarfulltrúa. Óskað er eftir frekari gögnum með vísan í skoðunarskýrslu.
- 13.5 2019120047 - Skólagata 10, Suðureyri. Umsókn um byggingarleyfi  
Byggingaráform samræmast ekki deiliskipulagi, byggingarfulltrúi vísar erindi inn til skipulags- og mannvirkjanefndar. Lóðirnar við Skólagötu 10 og A-Götu 1, eru skilgreindar sem íbúðarhúsalóðir og en ekki undir hafnsækinn iðnað og- eða blandaða starfsemi.
- 13.6 2020090038 - Skólagata 8, umsókn um byggingarleyfi  
Byggingaráform samræmast ekki deiliskipulagi, byggingarfulltrúi vísar erindi inn til skipulags- og mannvirkjanefndar. Lóðirnar við Skólagötu 10 og A-Götu 1, eru skilgreindar sem íbúðarhúsalóðir og en ekki undir hafnsækinn iðnað og- eða blandaða starfsemi.
- 13.7 2020090037 - Stefnisgata 5, umsókn um byggingarleyfi  
Erindi er frestað með vísan í gr. 4.3.9 í byggingarreglugerð og athugasemda byggingarfulltrúa.
- 13.8 2020070034 - Aðalgata 21, Suðureyri Umsókn um byggingarleyfi, viðbygging  
Byggingaráform samþykkt, umsóknin samræmist lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð 112/2012 m/síðar breytingum. Viðbyggingin fellur undir gr. 2.3.5 í reglugerð. Skila þarf inn undirrituðum uppdráttum.
- 13.9 2020060112 - Tungubraut 2-8 og 10-16  
Byggingaráform eru samþykkt. Umsóknin samræmist lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út þegar skilyrði gr. 2.4.4. sömu reglugerðar hafa verið uppfyllt.
- 13.10 2020080007 - Sindragata 14- Fyrirspurn vegna fyrirhugaðra breytinga  
Byggingaráform samþykkt með vísan í gr. 2.3.5. í byggingarreglugerð, skila þarf inn undirrituðum uppdrátti frá löggiltum hönnuði.
- 13.11 2020090078 - Umsókn um byggingarleyfi. Túngata 12, 400 Ísafjörður

Byggingaráform eru samþykkt. Umsóknin samræmist lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð 112/2012.

13.12 2020090067 - Hafraholt 22, Ísafirði. Umsókn um byggingarleyfi

Byggingaráform eru samþykkt. Umsóknin samræmist lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð 112/2012.

#### **14. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 36 - 2010006F**

*Lögð fram til kynningar fundargerð 36. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa sem fram fór þann 6. október 2020.*

14.1 2020060112 - Tungubraut 2-8

Byggingaráform eru samþykkt. Umsóknin samræmist lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð 112/2012

#### **15. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 37 - 2010032F**

*Lögð fram til kynningar fundargerð 37. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa sem fram fór þann 19. nóvember 2020.*

15.1 2019080062 - Rómarstígur 2. Umsókn um byggingarleyfi

Byggingaráform eru samþykkt. Umsóknin samræmist lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð 112/2012

Byggingarleyfi verður gefið út er skilyrði gr. 2.4.4 sömu reglugerðar hafa verið uppfyllt.

15.2 2019080063 - Rómarstígur 6. Umsókn um byggingarleyfi

Byggingaráform eru samþykkt. Umsóknin samræmist lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð 112/2012.

15.3 2020100068 - Urðarvegur 51, umsókn um byggingarleyfi v. sólstofu

Með hliðsjón af framlögðum gögnum hefur umsókn um byggingarleyfi verið yfirfarin og samræmist framkvæmdin gr. 2.3.5 byggingarreglugerðar og eru byggingaráform samþykkt. Leyfi til framkvæmda verður veitt er borist hefur staðfesting burðarþolsfræðings fyrir áformum sem og skriflegt samþykki þinglýsts eiganda Urðarvegar 53.

15.4 2020100069 - Hrannargata 4, umsókn um byggingarleyfi v. viðbyggingar

15.5 2020080007 - Sindragata 14- Fyrirspurn vegna fyrirhugaðra breytinga

Með hliðsjón af framlögðum gögnum hefur umsókn um byggingarleyfi verið yfirfarin og samræmist framkvæmdin gr. 2.3.5 byggingarreglugerðar og eru byggingaráform samþykkt.

15.6 2020060044 - Lyngholt 2. Umsókn um byggingarleyfi

Byggingaráform er snúa að viðbyggingar og byggingar sólstofu eru samþykkt. Umsóknin samræmist lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð 112/2012

Byggingarleyfi verður gefið út er skilyrði gr. 2.4.4 sömu reglugerðar hafa verið uppfyllt.

Byggingaráform er snúa að skjólvegg eru undanskilin samþykki þessu með vísan í bókun Skipulags- og mannvirkjanefndar frá 540.fundi sömu nefndar þann 31.júlí 2020.

15.7 2020100111 - Aðalgata 13, umsókn um byggingarleyfi

Erindi frestað, með vísan í athugasemdir byggingarfulltrúa. Óskað er eftir frekari gögnum með vísan í skoðunarskýrslu.

15.8 2020110042 - Vallargata 3, umsókn um byggingarleyfi

Erindi frestað, með vísan í athugasemdir byggingarfulltrúa. Óskað er eftir frekari gögnum með vísan í skoðunarskýrslu.

15.9 2020110043 - Hlíðarvegur 4, umsókn um framkvæmdarleyfi

Byggingaráform eru samþykkt. Umsóknin samræmist lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið þegar skilyrði gr. 2.4.4 sömu reglugerðar hafa verið uppfyllt ásamt skriflegu samþykki þinglýsts eiganda Hlíðarvegar 2. fyrir framkvæmdunum.

15.10 2020080003 - Túngata 1, 400. Umsókn um byggingarleyfi

Byggingaráform er tengjast bílskúr og tengibyggingu eru samþykkt. Umsóknin samræmist lögum um byggingarreglugerð 160/2010 og byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út er skilyrði gr. 2.4.4 sömu reglugerðar hafa verið uppfyllt.

Byggingaráform er tengjast útitróppum. Byggingaráform eru samþykkt með vísan í gr.2.3.5 í byggingarreglugerð 112/2012

15.11 2019100039 - Byggingarleyfisfyrirspurn út af viðbyggingu við Hótel Ísafjörð

Byggingaráform eru samþykkt. Umsóknin samræmist lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út þegar skilyrði gr. 2.4.4 sömu reglugerðar hafa verið uppfyllt.

15.12 2017120016 - Umsókn um byggingarleyfi / Hafnarbakki 3

Erindi frestað, með vísan í athugasemdir byggingarfulltrúa. Óskað er eftir frekari gögnum með vísan í skoðunarskýrslu

15.13 2016050066 - Dagverðardalur 2 fyrirspurn um stækkun.

Erindi frestað með vísan í athugasemdir byggingarfulltrúa. Óskað er eftir frekari gögnum með vísan í skoðunarskýrslu

**16. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 38 - 2101013F**

*Lögð fram til kynningar fundargerð 38. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa sem fram fór þann 15. janúar 2021.*

16.1 2021010051 - Sindragata 2, umsókn um byggingarleyfi ( Líkamsrækt )

Byggingaráform eru samþykkt. Umsóknin samræmist lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð 112/2012

Byggingarleyfi verður gefið út er skilyrði gr. 2.4.4 sömu reglugerðar hafa verið uppfyllt sem og ábendingum byggingarfulltrúa

16.2 2020120042 - Hafnarbakki 8, Umsókn um byggingarleyfi

Byggingaráform eru samþykkt. Umsóknin samræmist lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð 112/2012.

Byggingarleyfi verður gefið út er skilyrði gr. 2.4.4 sömu reglugerðar hafa verið uppfyllt.

16.3 2020120043 - Góuholt 10. Umsókn um byggingarleyfi

Byggingaráform eru samþykkt. Umsóknin samræmist lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð 112/2012

Byggingarleyfi verður gefið út er skilyrði gr. 2.4.4 sömu reglugerðar hafa verið uppfyllt.

16.4 2021010064 - Fjarðarstræti 57-59, umsókn um byggingarleyfi v. svalalokana

Byggingaráform eru samþykkt. Umsóknin samræmist lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð 112/2012

Byggingarleyfi verður gefið út er skilyrði gr. 2.4.4 sömu reglugerðar hafa verið uppfyllt.

16.5 2020060044 - Lyngholt 2. Umsókn um byggingarleyfi

Erindi frestað með vísan í athugasemdir byggingarfulltrúa.

16.6 2020100069 - Hrannargata 4, umsókn um byggingarleyfi v. viðbyggingar

Erindi frestað með vísan í athugasemdir byggingarfulltrúa.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:50**

---

Anton Helgi Guðjónsson

---

Póra Marý Arnórsdóttir

---

Smári Karlsson

---

Lína Björg Tryggvadóttir

---

Daníel Jakobsson

---

Axel Rodriguez Överby

---

---

Heiða Jack